

# 17. Kökuskrímslið

Gefðu mér, gefðu mér, gefðu mér!

Málefni	Friður og mannöryggi, fátækt og félagsleg útskúfun
Þyngdarstig	Stig 2
Tími	40–60 mínútur
Hópstærð	6–12 börn
Aldur	8–13 ára
Tegund verkefnis	Leikur um hópsamninga, umræður
Yfirlit	Hópar semja um að skipta með sér snarli
Markmið	<ul style="list-style-type: none"> <li>• Að komast að raun um hvernig samninga- og friðarferli fer fram</li> <li>• Að ræða um „jafnrétti“</li> <li>• Að kanna fátækt</li> </ul>
Undirbúningur	Ljósritaðu efnið sem fylgir hér með til dreifingar eða skrifaðu það á töflu eða flettisþjald.
Efniviður	<ul style="list-style-type: none"> <li>• Minnst 40 bitar af hollu snarli (t.d. kex, hnetur, vínber)</li> <li>• Ljósrit af „efni til dreifingar“</li> </ul>



## Leiðbeiningar

- Skiptu börnunum í tvo hópa og láttu hvorn þeirra fá eintak af reglunum og tuttugu snarlbita.
- Útskýrðu reglurnar og gættu þess að börnin skilji þær, einkum þá reglu að þau eigi að skila öllu snarlinu aftur til þín ef hóparnir komast ekki að samkomulagi.
  - Þessi leikur snýst um að ákveða hvernig deila skuli snarli milli tveggja hópa. Hvor hópur fær tuttugu bita alls til umræða. Spilaðar eru þrjár umferðir og hvor hópur á að gera í hverri umferð.
  - Í hverri umferð fær hvor hópur að vita hve mörgum bitum hann á að deila með hinum hópnum. Fyrri hópurinn kemur með tillögu um hvernig deila skuli snarlinu sem hinn hópurinn getur hafnað eða samþykkt. Ef hann samþykkir er snarlinu deilt samkvæmt tillögunni. Ef hann hafnar henni fær fyrri hópurinn að gera aðra tilraun til að deila snarlinu. En ef seinni tillögunni er einnig hafnað er öllu snarlinu skilað aftur til kennarans/leiðbeinandans og enginn fær neitt.
    - A-hópnunum er til dæmis sagt að skipta tíu bitum á milli þeirra og leggur til að sjálfur fái hann átta bita og B-hópurinn aðeins tvo. B-hópurinn hafnar þessari tillögu. A-hópurinn fær þá annað tækifæri. Og ákveður að deila þessum tíu bitum jafnt á milli þeirra. B-hópurinn samþykkir þá tillögu og hvor hópur fær fimm bita.
    - Ef A-hópurinn hefði hins vegar lagt til að hann fengi sjö bita í seinni umferðinni og B-hópurinn aðeins þrjá er hugsanlegt að sá síðarnefndi hefði hafnað tillögunni. Í því tilviki hefði kennarinn/leiðbeinandinn fengið alla tíu bitana.
  - Þegar fyrri hópurinn hefur sett fram sínar tillögur býðst seinni hópurinn til að skipta snarlinu samkvæmt fyrirmælunum.
  - Önnur umferð fer fram á sama hátt og sú fyrsta og báðir hóparnir fá ný fyrirmæli um hve mörgum bitum af því snarli sem eftir er þeir eigi að deila með sér.
- Útskýrðu fyrir þeim að þú munir skrifa niðurstöðurnar á töflu eða flettisþjald, svo að sjá megi hve marga bita hvor hópur fær. Að öllum umferðunum loknum skaltu taka saman heildarniðurstöðu hvors hóps fyrir sig. Taflan gæti litið þannig út:



	HÓPUR A	HÓPUR B	KENNARI/LEIÐBEINANDI
1. UMFERÐ	5	5	
2. UMFERÐ	0	0	13
3. UMFERÐ	8	8	
<b>ALLS</b>	<b>13</b>	<b>13</b>	<b>13</b>

4. Útskýrðu eftirfarandi atriði varðandi snarlið:

- Börnin mega borða snarlið sem þau fá í leiknum að samantektinni lokinni.
- Ekki er hægt að brjóta bita í tvennt.
- Ekki er hægt að fá nýtt snarl í stað þess sem krakkarnir borða meðan leikurinn fer fram.
- Leggðu aftur áherslu á að þegar hópur kemur sér ekki saman um hvernig snarlinu skuli deilt, þá eigi að skila því öllu til kennarans/leiðbeinandans.

### Samantekt og mat

- Til að halda börnunum við efnið skaltu safna öllu snarlinu saman og segja þeim að þau fái að borða það að verkefninu loknu.
- Ræddu um verkefnið og notaðu spurningar á borð við:
  - Hvernig fór verkefnið fram?
  - Hvernig leið ykkur? Hvað var skemmtilegast? Leiðinlegast?
  - Gerðuð þið einhverja áætlun? Hvernig varð sú áætlun til?
  - Reyndi einhver að semja? Tókst það?
  - Ef þið færuð aftur í þennan leik, mynduð þið þá gera eitthvað öðruvísi?
  - Fannst ykkur lokaniðurstaðan sanngjörn?
- Ræddu um hvaða lærdóm megi draga af verkefninu og notaðu spurningar á borð við:
  - Treystuð þið hinum hópunum til að skipta snarlinu á sanngjarnan hátt? Hvers vegna eða hvers vegna ekki?
  - Hvað eigið þið við með orðinu „sanngjarn“? Eða orðunum „að deila með sér“?
  - Hvaða sambengi er á milli þess að treysta og deila?
  - Þetta ykkur einhverjar aðstæður í hug þar sem börn þurfa að deila einhverju með öðrum? Er mikilvægt að gæta sanngirni? Hvað gerist ef hlutum er deilt á ósanngjarnan hátt?
  - Þetta ykkur einhverjar aðstæður í hug þar sem fullorðin fólk þarf að deila einhverju með öðrum? Hvað gerist þegar fullorðinir deila ekki hlutum á sanngjarnan hátt?
  - Getið þið nefnt einhver raunveruleg dæmi um að fólk fái ekki „sanngjarnan skerf“ af einhverju sem það þarfnast?
  - Hvað getum við gert í daglegu lífi til að tryggja að allir fái sanngjarnan skerf í sinn hlut?
- Tengdu verkefnið og umræðurnar mannréttindum með spurningum á borð við:
  - Mannréttindi byggjast á því sem fólk er nauðsynlegt, ekki aðeins til að lifa af heldur til að lifa með reisn og njóta viðunandi lífskjara. Nefnið nokkra hluti sem allir hafa þörf fyrir? Skrifaðu niður þá hluti sem börnin nefna.
  - Hvað gerist þegar fólk fær ekki þessa hluti (t.d. nægan mat, húsaskjól, menntun, fjölskyldu)?
  - Sjáið þið einhver tengsl milli þess að fá „sanngjarnan skerf“ nauðsynja og þess að njóta mannréttinda?



## Tillögur um framhald

- Í verkefninu „Kastalinn hertekinn“, bls. 112, er einnig samvinna við að verjast sameiginlegum „óvini“.
- Í verkefninu „Siglt til framandi strandar“, bls. 167, er greint á milli löngunar og nauðsynja.

## Hugmyndir um aðgerðir

- Fáðu til dæmis börnin til að ræða um hvernig hægt sé að hafa hlutina sanngjarnari í þeirra hópi, innan veggja heimilisins og í samfélaginu almennt (t.d. fá að tjá sig, nota leikföng og búnað, fá athygli fullorðinna, fá að ráða einhverju).
- Hafðu samband við frjáls félagasamtök sem vinna að sanngjörnum viðskiptum (fair trade). Þjóddu fulltrúum þeirra að koma og segja börnunum frá starfsemi sinni. Skipuleggðu aðgerðir til stuðnings viðkomandi félagasamtökum.

## Ábendingar til kennara/leiðbeinanda

- Tengslin milli þess sem fólki er nauðsynlegt og mannréttinda eru grundvallaratriði í allri mannréttindafræðslu. Hafi ekki þegar verið fjallað um samhengið þarna á milli gætirðu látið börnin vinna annað verkefni á undan þessu, svo sem „Siglt til framandi strandar“, bls. 167, þar sem fjallað er nánar um það.
- Við elstu börnin má ræða um hvernig sanngirni gagnvart öðrum tengist þroska. Sjá nánar um þróunarmálefni í heimildum og vefslóðum á bls. 231.
- Hægt er að láta börnin vinna þetta verkefni tvisvar. Í seinna skiptið skal nota annað og girnilegra snarl til að halda áhuga þeirra vakandi.
- Nokkrir hópar geta unnið að þessu verkefni samtímis. Vertu samt á verði því að hegðun eins hóps getur haft áhrif á hina. Til að hvetja börnin áfram skaltu gera sameiginlega stigatöflu svo að þau geti fylgst með stöðunni. Ræddu um þau áhrif sem það hefur í samantektinni.

	LÍÐ 1, HÓPURA	LÍÐ 1 HÓPUR B	LÍÐ 1 KENNARI/LEIÐBEINANDI	LÍÐ 2, HÓPURA	LÍÐ 2, HÓPURA	LÍÐ 2 KENNARI/LEIÐBEINANDI
1. UMFERÐ	6	5		6	5	
2. UMFERÐ	0	0	13	6	7	
3. UMFERÐ	8	8		8	8	
<b>ALLS</b>	<b>14</b>	<b>13</b>	13	<b>20</b>	<b>20</b>	

- Leyfðu börnunum að skipta aftur með sér snarlinu að leik loknum ef þau langar til.

## Breytingar

- Til að gera leikinn einfaldari: Fjöldi snarlbita til skiptanna er viljandi látinn standa á stakri tölu til að ögra aðstæðum og hvetja til samninga. En ef þessi aðferð er of flókin fyrir börnin skaltu láta bæði liðin hafa jafn marga bita í hverri umferð.
- Til að gera leikinn flóknari: Settu inn aukareglu sem setur A-liðið í aðra valdastöðu. Ef B-liðið hafnar tilboði fær það ekkert, en A-liðið fær að halda þremur bitum eftir sem áður. En ef B-liðið hafnar tilboði fær það ekkert.
- Til að leggja áherslu á hvernig verkefnið tengist mannréttindum: Ef um fleiri en einn kennara/leiðbeinanda er að ræða er hægt að skipta börnunum í tvo eða fleiri hópa til að fjalla um fjórðu spurninguna, þar sem ræða skal um samhengið milli lífsnauðsynja fólks og mannréttinda. Því fámennari sem hópurinn er þeim mun itarlegri verða væntanlega umræðurnar um þetta mikilvæga atriði. Kallaðu að lokum hópana saman til umræðna. Bættu 30 mínútum við þann tíma sem verkefninu er ætlaður ef þessi leið er farin.



## EFNI TIL DREIFINGAR: LEIÐBEININGASPJALD

### Hópur A

- Liðið ykkar er með 20 snarlbita sem þið getið skipt á milli ykkar og B-liðsins.
- Þið spilið 3 umferðir.
- Í hverri umferð hafið þið eftirfarandi fjölda bita.

1. umferð	2. umferð	3. umferð
6 bitar til skiptanna	3 bitar til skiptanna	11 bitar til skiptanna

Til að halda þessum bitum þurfið þið að koma með tillögu um hvernig þeim skuli skipt milli ykkar liðs og B-liðsins. Þið megið koma með tvær tillögur í hverri umferð. Ef B-liðið samþykkir aðra tillöguna fá bæði liðin þann bitafjölda sem samið var um.

Hafni B-liðið báðum tillögnum fær hvorugt liðið neitt.

#### Dæmi:

- 1. umferð: Hópur A á að skipta 6 bitum.
- Þið leggið til að B-liðið fái 2 bita og haldið sjálf 4 bitum.
- Ef B-liðið segir „JÁ, VIÐ SAMÞYKKJUM ÞAÐ“, þá fær það 2 bita og þið 4.
- Ef B-liðið segir „NEI, VIÐ SAMÞYKKJUM ÞAÐ EKKI“, þá gerið þið aðra tillögu. Sú tillaga getur verið eins og sú fyrri, eða öðruvísi.
- Samþykki B-liðið seinni tillöguna fá báðir hóparnir þann bitafjölda sem um var samið.
- Ef B-liðið samþykkir heldur ekki seinni tillöguna fær hvorugt liðið neitt og bitarnir eru afhentir leiðbeinandanum.

### Hópur B

- Liðið ykkar er með 20 bita sem þið getið skipt á milli ykkar og A-liðsins.
- Þið spilið 3 umferðir.
- Í hverri umferð hafið þið eftirfarandi fjölda bita.

1. umferð	2. umferð	3. umferð
5 bitar til skiptanna	10 bitar til skiptanna	5 bitar til skiptanna

Til að halda þessum bitum þurfið þið að koma með tillögu um hvernig þeim skuli skipt milli ykkar liðs og A-liðsins. Þið megið koma með tvær tillögur í hverri umferð.

Ef A-liðið samþykkir tillöguna fá bæði liðin sinn hlut.

Ef A-liðið samþykkir ekki eftir seinni tillöguna fær hvorugt liðið neitt.

#### Dæmi:

- 1. umferð: B-liðið á að skipta 5 bitum.
- Þið leggið til að A-liðið fái 2 bita og haldið sjálf 3 bitum.
- Ef A-liðið segir „JÁ, VIÐ SAMÞYKKJUM ÞAÐ“, þá fær það 2 bita og þið 3.
- Ef A-liðið segir „NEI, VIÐ SAMÞYKKJUM ÞAÐ EKKI“, þá gerið þið aðra tillögu. Sú tillaga getur verið eins og sú fyrri, eða öðruvísi.
- Samþykki A-liðið seinni tillöguna fá báðir hóparnir þann bitafjölda sem um var samið.
- Ef A-liðið samþykkir heldur ekki seinni tillöguna fær hvorugt liðið neitt og bitarnir eru afhentir leiðbeinandanum.

